

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2003

frá 20. júní 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/45/EB frá 25. júní 2002 um tuttugustu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnna skaðlegra efna og efnablandna (klóruð paraffín með stuttri keðju) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/575/EB frá 4. júlí 2002 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna: o-anisídíns, 1,4-díoxans ⁽³⁾ skulu felld inn í samninginn.
- 4) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/576/EB frá 4. júlí 2002 um árangur af áhættumati vegna efnanna: ethýlasetóasetats, 4-klór-o-kresóls, dímetýldíoktadekýlammoníumklóríðs ⁽⁴⁾ skulu felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/62/EB frá 9. júlí 2002 um niundu aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnna skaðlegra efna og efnablandna (lífræn tinsambönd), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 203, 1.8.2002, bls. 64, ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 177, 6.7.2002, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 181, 11.7.2002, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 181, 11.7.2002, bls. 35.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 58.

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE):
 - „- **32002 L 0045**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/45/EB frá 25. júní 2002 (Stjtið. EB L 177, 6.7.2002, bls. 21).
 - **32002 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/62/EB frá 9. júlí 2002 (Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 58), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 203, 1.8.2002, bls. 64.“
2. Undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ bætist eftirfarandi liðir við á eftir 22. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/755/EB):
 - „23. **32002 H 0575**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/575/EB frá 4. júlí 2002 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna: o-anisídíns, 1,4-díoxans (Stjtið. EB L 181, 11.7.2002, bls. 29).
 24. **32002 H 0576**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/576/EB frá 4. júlí 2002 um árangur af áhættumati vegna efnanna: ethýlasetóasetats, 4-klór-o-kresóls, dímetýldíoktadekýlammoníumklóríðs (Stjtið. EB L 181, 11.7.2002, bls. 35).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/45/EB, tilskipunar 2002/62/EB, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 203, 1.8.2002, bls. 64, og tilmæla 2002/575/EB og 2002/576/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
P. Westerlund
formaður*